


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaeiti (ITH203) Kennsluáætlun (Vorönn 2015)	

Nafn kennara:	Anna María Guðmann	Sk.stöfun:	AMÍ
Sími 8978621	Viðtalstími á þri. kl. 10:45 - 11:25	Netfang	ami@vma.is

Áfangalýsing

Farið verður í undirstöðuatriðin í litafræði og litablöndun. Nemendur öðlist þekkingu á hvernig litir eru blandaðir og hvernig litasamsetningar vinna saman. Einnig verður unnið með undirstöðuatriðin í formfræði og nemendur skoða hvernig myndflöturinn breytist eftir því hvernig línur og form skipta honum upp. Nemendur gera eigin tilraunir með línu, lit, flöt og áferð í tengslum við hárgreiðslu, ljósmyndun, myndverk og auglýsingar. Skoðaðar verða hárgreiðslur frá ýmsum tímum og þær færðar í nútímalegt horf í teikningu og unnar frjálssar útfærslur út frá því. Nemendur kynna sér einnig hárgreiðslustofur og hanna svo síðan sína eigin stofu, umhverfi, þjónustu og áherslu og hafa litafræðina og formfræðina til grundvallar. Nemendur kynna svo niðurstöður sínar og gagnrýna hvern annan á uppbyggilegan hátt.

Tölvur skulu nýttar í vinnu áfangans til gagnasöfnunar.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- Kunni skil á grundvallaratriðum í form- og litafræði og geti unnið myndir á persónulegan hátt út frá myndbyggingu og litum þar sem gott jafnvægi sé milli einstakra þátta.
- Þjálfist í litablöndun og kunni að beita litum, litasamsetningum og formum til að ná fram mismunandi áhrifum.
- Kunni skil á hugtökum í litafræði
- Þjálfist í hönnun og hugmyndavinnu í tengslum við hárgreiðslu, hönnun hársnyrtistofu og útfærslu á hugmyndum sínum.
- Sýni markvisst þróunarferli í rannsóknnum sínum.
- Sýni frumleika í skipulagi og útfærslu verka sinna.
- Séu færir um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt.

Mæti í alla tíma og geti unnið sjálfstætt og skipulega.

Námsmat

Próflaus áfangi. Ástundun og símat. Metið er til einkunnar öll verkefni, sköpun, tækni, vinnuferli, virkni í tíma, vinnubrögð, uppsetning og frágangur. Því er mikilvægt að vinna vel öll verkefni. **Skil eru 2 vikum eftir hverja lotu.**

Lota 1 = 40%

Lota 2 = 30%

Lota 3 = 30%

Mætingar

Ætlast er til að nemandi mæti í alla tíma. Slök mæting kemur niður á árangri og afköstum.

Nemandi fær 1 stig fyrir fjarvist í 1 tíma (40 mín) og ½ stig fyrir að koma of seint.

Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið mig/okkur vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)


Innkaup

Blyantar, strokleður, yddari, skæri og límstifti

Svartir filtpennar með mismunandi breidd, 0,4, 0,6. Gott að eiga sveran túss líka.

2-3 vatnslitapensla t.d. nr. 2, 5, 8 eða flatann nr. 6. Hægt að nota gervihárspensla (gul hár, þeir eru ódyrari, ekki kaupa svínshárspensla).

Plastmöppu A3 með plastumslögum (hægt að kaupa hana í skólanum). Má alveg nota möppuna frá ITH 103.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ	Áfangaheiti (ITH203) Kennsluáætlun (Vorönn 2015)	
Síða 2 af 2		

Lota	Verklegur hluti
1 Ca. 7 vikur	Kynning á markmiðum, kennsluáætlun og áfanganum. Upphitun. Litafræði Litahringurinn unnin út frá frumlitum og tvenndarlitum og einnig svörtum og hvítum. Gráskalin skoðaður. Unnið með hreina liti, mettaða liti, andstæða liti og heita og kalda liti í formfræðimyndum. Nemendur eru þjálfaðir í litablöndun og litasamsetningum. Formfræði Leikið með linur og form. Athugað hvernig eðli myndflatarins breytist eftir því hvernig línur og form skipta honum upp. Hlutir eins og litgildi, áferð, hreyfing, hrynjandi, spenna, jafnvægi og mynstur skoðaðir. Formfræðin í umhverfinu skoðuð gegnum ramma. Skissur gerðar og unnið með liti með mismunandi aðferðum. (Vægi 40 %) Skiladagur: 2 vikum eftir að lotu lýkur.
2 Ca. 4-5 vikur	Notaðar eru hárgreiðslur og klippingar frá ýmsum tímabilum til að hanna nýjar hugmyndir út frá þeim. Unnið með teikningu, klippimyndir og málun eða annarskonar litavinnu í útfærslum á þeim hugmyndum. Einnig að gera tillögur að eigin hársýningu þar sem unnið er með heildarútlit, hár, förðun, fatnað og umgjörð. (vægi 30%) Skiladagur: 2 vikum eftir að lotu lýkur.
3 Ca. 4-5 vikur	Hársnyrtistofur skoðaðar og nemendur setja saman hugmyndir um eigin stofu, hvernig umhverfið á að vera, hvaða áherslur á að vinna með, hvernig þjónustan á að vera og til hvaða markhóps á að höfða til. Safna efni/myndum af netinu og/eða tímaritum. Gera skissur og skrá hugmyndir. Gera skriflegar lýsingar og teikningu/klippimynd af stofunni. Koma einnig með hugmyndir hvernig logoið eigi að vera og allt rekstrarlegt efni og hvernig hægt er að kynna og auglýsa stofuna. (Vægi 30%) Skiladagur: Föstudaginn 2. maí í síðasta tíma.
Síðasta vikan	Lokauppsetning verkefna og frágangur í möppu.

Vika	Námsefni
Ljósrit	Ýmis ljósrit og bækur sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni.

Athugið

Verkefni nemenda eru geymd án ábyrgðar í 1 ár frá sýnidegi prófa og fargað hafi þau ekki verið sótt að þeim tíma liðnum

Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel og hafið gaman af.
Amí (Anna María Guðmann)



Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils